

# Kvennasöguganga

Jafnréttisstofu, Minjasafnsins á Akureyri og Zontakvenna.

**Gangan hefst við Samkomuhúsið en síðan er gengið sem leið liggur inn í innbæinn, Hafnastræti og Aðalstræti en göngunni lýkur við Aðalstræti 82 sem áður gekk m.a. undir nafninu Syðsta hús.**

Samkomuhúsið.

Reist af Góðtemplarafélaginu og leikfélaginu, Gleðileikjafélaginu árið 1906. Hér var félagsaðstaða og sýningarsalur. Gleðileikjafélagið var einn fyrsti félagsskapurinn sem til varð á Akureyri. Fyrsta leiksýningin í bænum var sett á fjalirnar árið 1860 og var leikið á dönsku. Til að byrja með var hægt að greiða aðgangseyri með verslunarvöru s.s. smjöri, ullarvarningi eða rjúpum. Allir vildu sjá sjónleiki, hversu fátækir sem þeir voru.

Frá 1916 hefur Akureyrarbær átt húsið og frá stofnun 1917 hefur Leikfélag Akureyrar haft aðsetur í því.

Húsið er í Schweizerstíl og líklega flutt hingað til lands tilhöggvið.

Svava Jónsdóttir leikkona f. 1884, d. 1969 ólst upp í nálægð við leikhúsið en faðir hennar Jón Chr. Stephansson smíðaði gjarnan sviðsmyndir og áhorfendabekki á meðan móðir hennar Kristjana Magnúsdóttir saumaði búninga á leikarana Svava var í mörg ár á fjölnum og var hún mjög virt leikkona. Hún átti stóran þátt í að móta starf leikfélagsins og var fyrsta konan sem var kosin heiðursfélagi Leikfélags Akureyrar, 30. júní 1941. Þóra Vigfúsdóttir (Havsteen) var mikið á sviðinu á sama tíma og Svava. Aðrar mikils metnar leikkonur sem vert er að nefna eru Sigurveig Jónsdóttir, Þórhalla Þorsteinsdóttir, Björg Baldvinsdóttir og Kristjana Jónsdóttir.

Gamli barnaskólinn.

Byggður árið 1900, nú Saga Capital. Áður var skólahald í verslunarhúsnæði í Innbænum. Þegar skólinn var byggður var mæld vegalengdin frá ysta húsinu á Oddeyri og frá syðsta húsinu í Fjörinni og skólinn byggður nákvæmlega miðsvæðis.

Halldóra Bjarnadóttir var hér skólastýra í upphafi 20. aldar.

Halldóra fæddist 14. október 1873 í Ási í Vatnsdal. Eftir að hafa stundað farkennslu og heimiliskennslu í fimm ár hélt hún 23 ára gömul til Noregs í kennaranám en engin stofnun á Íslandi veitti þá kennaramenntun. Í Noregi dvaldi hún við nám og störf í 11 ár en þó ekki samfelld.

Árið 1908 tók hún síðan við skólastýrustöðu við Barnaskólann á Akureyri. Hún átti eftir að breyta ýmsu hvað varðaði menntun og aðbúnað barnanna í skólanum og þurfti að berjast fyrir þeim breytingum. Hún barðist oft gegn straumnum og var handvinnukennslan og reglan um að allir væru í innskóm innandyra eitthvað sem stóð verulega í mönnum en Halldóru var umhugað um heilsu nemenda sinna og taldi að þrif, gott loft og hlýir þurrir innskór stuðluðu að auknu heilbrigði. Halldóra lagði ríka áherslu á að nám væri fyrir alla og kom á sérkennslu í skólanum og eftir að hún lét af



skólustjórn tók hún börn heim til sín í sérkennslu. Halldóra var dugleg að bjóða kennurum skólans heim til sín og þar var gjarnan setið á löngum fundum um stefnu skólans, kennsluáferðir og hvaða leiðir gætu best hentað til að skólastarfið næði sem allra best tilgangi sínum. Halldóra var með kennsluæfingar fyrir kennarana sína og átti ásamt þeim þátt í að stofna Kennarafélag Akureyrar 1917. Eftir að Halldóra lét af störfum sínum við skólann kusu bæjarbúar hana í bæjarstjórn og skólanefnd og vildu konurnar hér koma henni á alþingi. Halldóra taldi sig ekki eiga erindi þangað þar sem hún sæi ævinlega eitthvað gott í ræðu mótsöðumanna og taldi að Bríet og engin önnur en hún ætti að vera fulltrúi kvenna á alþingi þar sem hún væri svo oft óánægð. Halldóra var meðal stofnenda og fyrsti formaður Sambands norðlenskra kvenna sem var stofnað árið 1914 og fóru seinni starfsár hennar að miklu leyti í útgáfu ársritsins Hlínar. Á Blönduósi er Halldórustofa.

### Hafnarstræti 29.

Bak við húsið er brekkan steinlögð, til að hindra að hrynji úr henni. Steinlöggnin er handaverk Valbjargar Fjólmundsdóttur sem átti heima í húsinu fyrir fáeinum árum. Steinlöggnin var gerð eftir að brekkan hljóp á húsið, en hún er býsna brött.

### Schiöthshúsið, Hafnarstræti 23.

Hér stóð áður svartmálað hús byggt 1835, og var það þá ysta húsið á Akureyri. Í húsinu bjó Hans Vilhelm Lever kaupmaður, og síðar átti það Vilhelmina Lever f.1802, d.1879, borgarinnna, vertshúshaldari og kaupkona. Hún var ein af sérstæðustu persónum Akureyrar á 19. öld. Giftist Þórði Daníelssyni, bróður Þorsteins á Skipalóni en sú sambúð entist ekki og var hún fyrst íslenskra kvenna til að sækja um og fá lögskilnað árið 1824. Hún eignaðist einn son Hans Vilhelm Lever yngri með Mads Christensen 1833 og ól hún soninn ein upp. Hún er m.a. þekkt fyrir að hafa greitt atkvæði í fyrstu bæjarstjórnar- kosningunum á Akureyri árið 1863, en konur öðluðust ekki kosningarétt fyrr en um 20 árum síðar. Frá 1846-1852 bjó Vilhelmina með syni sínum í Syðra-Krossanesi en flutti aftur inn á Akureyri 1852 en þá fékk hún leyfi til að selja smurt brauð og kaffi og gerðist hún í kjölfar þessa brautriðjandi í tólmstundamálum bæjarbúa þegar hún setti upp “strýtuflöt” við veitingahúsið sitt í fjörunni (svipar sennilega til keilu). Vilhelmina átti nokkur hús í innbænum og líklegt að hún hafi látið byggja Aðalstræti 52, þar sem hún var húsráðandi og var með fyrrgreindan veitingarekstur 1853.

Sonur Vilhelminu var ólánsmaður, og drukknaði hann í Búðarlæknum ungur. Svarta húsið hennar Vilhelminu brann 1903 en þá var það orðið bakarí Höpfnarsverslunarinnar. Þá var núverandi hús byggt.

Axel Schiöth keypti Hafnarstræti 23 og tók við rekstri brauðgerðarinnar 1928. Kona hans Margrethe var ein af forvígiskonum um gerð Lystigarðsins ásamt Önnu tengdamóður sinni. Margrethe var gerð að heiðursborgara kaupstaðarins í viðurkenningarskyni fyrir sjálfboðaliðsstörf sín í þágu Lystigarðsins en hún var 83 ára gömul þegar hún sagði starfi sínu við garðinn lausu.



## Hafnarstræti 20.

Hér bjó Ragnheiður O. Björnsson kaupkona. Ragnheiður fæddist í Kaupmannahöfn á jóladag 1896. Hún var fjögurra ára gömul þegar hún fluttist til Akureyrar ásamt foreldrum sínum Oddi Björnssyni prentmeistara og Ingibjörgu Benjamínsdóttur sem fyrst íslenskra kvenna lauk klæðskeranámi og bræðrum sínum tveimur. Ragnheiður ólst upp í innbænum. Þegar hún var á 14. ári fluttist Ragnheiður til Reykjavíkur ásamt móður sinni og bróður og bjó hún þar í 27 ár. Hún lauk námi við Verslunarskólann og voru verslunarstörf hennar ævistarf alla tíð síðan. Ragnheiður fluttist aftur til Akureyrar og árið 1937 hóf hún rekstur eigin hannyrðaverslunar í Hafnarstræti 103. Verslunin einkenndist af óvenju miklu vöruúrvali þar sem hægt var að kaupa allar venjulegar útsaumsvörur, alla hluti tengda íslenska búningnum, þrjónavörur og alls kyns smávöru eins og kjólablóm, nælonsokka, poly color hárlit, refaskinn og jurtaletaða bandið sem hún sendi út um allt land. Ragnheiður var með teiknistofu þar sem hún hannaði eftirsóttar útsaumsmyndir. Ragnheiður seldi verslun sína árið 1972 eftir að hafa þjónað Akureyringum og norður- og austurlandi í 35 ár. Ragnheiður var mjög virk í félagsstarfi og nutu ýmis félög krafta hennar en hún var aðalhvatakona að stofnun Zontaklúbbs Akureyrar 4. desember 1948 og jafnframt fyrsti formaður hans. Ragnheiður lagði fram þá tillögu að Zontaklúbburinn tæki að sér það verkefni að heiðra minningu Nonna, Jóns Sveinssonar, sem svo var samþykkt og er upphafið að miklu og góðu starfi Zontakvenna við að koma upp safni á æskuheimili Nonna. Síðar bjó Ragnheiður í Hafnarstræti 13. Ragnheiður lést 21.5.1987. Við göngum framhjá Hafnarstræti 13 og síðan upp Breiðaganginn.



## Frökenarhúsið- Aðalstræti 2.

(Eitt af elstu húsum bæjarins. Gult með rauðu þaki, mjög líkt Laxdalshúsi en búið að klæða).

Er nefnt eftir Margréti Thorarensen 1872-1935. Hún bjó hér ásamt móður sinni, ekkju Stefáns Þórarinssonar amtmanns á Möðruvöllum sem dó 1823, og er húsið talið byggt það ár.

## Aðalstræti 6, áfast við Frökenarhúsið að norðanverðu.

Hér bjuggu lengi Anna (1846-1921) og Hendrik Schiöth. Árið 1863 settust þau að á Akureyri. Hann var bakari í Höepfnersverslun, en hún var lærður ljósmyndari. Anna Schiöth og fleiri konur lögðu grunn að Lystigarðinum. Anna rak ljósmyndastofu í mörg ár, og henni má því þakka það, að til eru myndir af fjölmörgum Akureyringum og nærsveitamönnum frá þeim tíma. Fjölskylda Önnu tók mikinn þátt í félagslífi og kom mikið við sögu leiklistar á Akureyri um langt árabíl. Anna var ein af stofnendum Kvenfélagsins Framtíðar.

### Lækjargata 3 (Lilliendahlsbærinn).



Hér bjó Anna Margrét Magnúsdóttir f. 1873, d. 1959. Hún gekk í Laugalandsskóla og lærði einnig í Kaupmannahöfn. Anna Margrét var ljósmyndari og setti hún upp verslun í húsinu árið 1902 en þar seldi hún hannyrðavörur og hatta. Anna hafði lært hattagerð í Kaupmannahöfn 1901. Árið 1910 tók Anna við lager af höttum af Önnu Houland sem rak verslun hér í 2 ár og þá opnaði Anna nýja verslun sem hún nefndi Baldursbrá og flutti hana í Brekkugötu og rak hana til 1927.

Í Baldursbrá fengust m.a. nýmóðins skreyttir hattar, frönsk og ensk tískublöð, ýmislegt til útsaums og fleira. Anna rak verslun í 25 ár samfelld. Hún var ein af stofnendum Kvenfélagsins Hlífar árið 1907 og gegndi formennsku í því í 15 ár. Hún rak handavinnuskóla á Akureyri í 22 ár, kom á fót sumardvalaheimili fyrir fátaek börn og var ein af frumkvöðlum að byggingu Kristneshælis. Móðir Önnu Margrétar var Marselía Kristjánsdóttir, gestrisin rausnarkona. Hún lagði mikið á sig á efri árum til að mennta dóttur sína og fósturdóttur Jóhönnu Jóhannsdóttur Johnsen söngkonu, f. 1908, d. 1996. Ljósmyndastofa Önnu var í viðbyggingu sem nú er horfin. Elstu kartöflugarðarnir í bænum eru í brekkunni á móti húsinu. Þar ræktaði Hans Lever fyrst kartöflur. Hér hefur verið kartöflurækt samfelld í 200 ár.

### Aðalstræti 14

(Verður opnað árið 2008 eftir endurbætur og sýning opnuð um sögu lækninga og hjúkrunar á Akureyri).

Gudmanns Minde, gjöf Gudmanns kaupmanns til Akureyrarbæjar. Elsti spítali á Akureyri. Héraðslæknar höfðu hér aðsetur. Áður en spítalinn tók til starfa 1874 tóku íbúar í Fjörinni að sér sjúklinga. Vitað er um eina konu sem var rekstraraðli spítalans um tveggja ára skeið. Hún hét Jóhanna Lilliendahl og gekk undir nafninu madama Örum en hún var ekkja eftir C.G. Örum. Hennar starf fólst í umsjón með spítalanum og sjúklingum. Ekki er vitað hvort hún hafði aðstoðarfólk en líklegt að hún hafi verið með vökufólk. Kostnaðurinn við að láta vaka yfir sér var 50 kr. fyrir hverja nótt ef vökumaður var kona en 65 kr. ef karlmann þurfti. Sjúkrahústarfið var enn á frumstigi og peningar til hans af skornum skammti þegar madama Örum sá um hann. Hún átti því í erfiðleikum fjárhagslega og í byrjun 1876 vildi hún segja upp stöðu sinni sem spítalahaldari ef ekki væri gengið að launakröfum hennar. Stjórn spítalans gekk að kröfum hennar en hún lést þetta sama ár.

Vitað er um eina hjúkrunarkonu Ástríði Torfadóttur f. 11.1.1867, d. 23.1 1949, sem starfaði á spítalanum undir handleiðslu Guðmundar Hannessonar héraðslæknis en hún starfaði hér aðeins í eitt ár (1899). Eiginkona Guðmundar, Karólína Margrét Sigríður Ísleifsdóttir annaðist svæfingar fyrir hann og er til skemmtileg saga um samstarf þeirra en árið 1901 nam Guðmundur mein úr kviðarholi ófrískrar húsfreyju frá Hallgilsstöðum í Hörgárdal. Sagt er að þegar Guðmundur útskrifaði hana hafi hann klappað á kvið hennar og sagt: “Blessaður nafni þar til við sjáumst næst”. Þann 8. september sama ár ól umrædd húsfreyja sveinbarn sem í skírinni hlaut nafnið Guðmundur Karl. Guðmundarnafnið skýrir sig sjálft en Karl telur sagan vera dregið af nafni Karólínu en þrjátíu og fimm árum síðar gerðist þessi sami Guðmundur Karl umsvifamikill sjúkrahúslæknir á Akureyri.

Kvenfélög störfuðu einnig sem líknarfélög í kringum aldarmótin 1900 en ári eftir að Kvenfélagið Hlíf var stofnað sneri það sér eindregið að hjúkrunarstörfum og hafði í mörg ár hjúkrunarkonu og hjálparstúlku á sínum vegum. Gengu þær í hús og hlyntu að sjúklingum þar sem þörfin var mest. Ekkert gjald var tekið fyrir þjónustuna nema víska væri fyrir því að fólk ætti hægt með að greiða.

#### Aðalstræti 18.

Hér stóð hús Elfu Ágústsdóttur dýralæknis sem eyðilagðist í aurskriðu árið 1993. Skriðan átti upptök í vatni sem safnaðist fyrir uppi á höfðanum og rann af stað með þessum afleiðingum. Skriðan hljóp í gegnum húsið og út um gluggana. Köttur Elfu fórst og allt innbú ásamt húsinu varð ónýtt.

#### Aðalstræti 22.

Anna Erlendsdóttir kaupkona lét byggja húsið 1898 og bjó hér til 1922. Hún rak verslun á neðri hæðinni en bjó á þeirri efri. Bakhúsið er byggt af Alfreð Jónssyni sem fjós og hlaða árið 1926 en er nú hluti af íbúð.

#### Aðalstræti 19.

Anna Þorbjörg Jensdóttir bjó hér en hún fæddist 1901 vestur á fjörðum. Árið 1925 fór hún til Bergen í Noregi þar sem hún stundaði nám í körfumublugerð og kom heim með sveinspróf. Lítið hefur varðveist af bréfum hennar en tvö bréf eru í förum dóttur hennar sem eru tvö atvinnutilboð frá verkstæði í körfugerðariðni í Reykjavík. Anna ákvað að hafna fyrra tilboðinu á þeim forsendum að hún taldi það of lágt en ákvað þegar annað og betra tilboð berst henni að taka því. Hún flutti síðan til Akureyrar 1930 ásamt vinkonu sinni Þuríði J. Björnsson úr náminu í Bergen. Móðir Önnu og systurdóttir fluttu til þeirra. Þær bjuggu allar saman á aðalhæðinni en voru með verkstæði í kjallara hússins. Systurdóttir Önnu var ung að aldri þegar hún kom norður og skemmtilegt frá því að segja að hún átti eftir að vekja athygli á Önnu. Anna bjó til fallega körfu sem systurdóttir hennar átti að færa dóttur Gunnhildar Ryel í afmælisgjöf. Gunnhildur varð svo hrifin af körfunni og bað Önnu í kjölfarið að gera fyrir sig húsgögn og gerði hún það: 2 stóla, borð og bókahillu. Vinkonurnar auglýstu fjölmörg námskeið í handverki en síðan flutti Þuríður suður og Anna Þorbjörg fór að vinna á bólsturverkstæði. Á verkstæðinu kynntist hún Karli Einarsyni sem hún giftist síðar og fluttu þau í Hafnarstræti 25 árið 1943 og í því húsi elst Jenný dóttir þeirra upp. Anna Þorbjörg Jensdóttir lést árið 1954 en hún hafði verið heilsulítill um nokkurn tíma.

#### Aðalstræti 32.

Hér bjuggu Kristín Ólafsdóttir f. 1901, d. 2002 og Jóhanna Þóra Jónsdóttir f. 1900, d. 2006, saman í yfir 60 ár. Kristín og Jón Pálsson maður hennar áttu húsið frá um 1930 og Kristín frá 1972 en þá lést Jón. Jóhanna var leigjandi á efri hæð hússins árum saman. Húsið er óhreyft frá þeirra búskap.

Gísli Sigurgeirsson hefur gert heimildamynd um Kristínu og Jóhönnu.

#### Aðalstræti 44, Elínarbaukur.

Bjarni Einarsson verslunarmaður byggði húsið um 1840, að talið er. Kona hans var Elín Einarsdóttir/Gunnarsen f. 1827, d. 1914 og rak hún greiðasölu í húsinu. Elín hefur líklega átt Aðalstræti 42 um tíma, því hún leigði út herbergi í því húsi. Elín var dóttir Einars Thorlacíus prests í Saurbæ í Eyjafirði

#### Aðalstræti 46 Friðbjarnarhús.

Guðný Jónsdóttir f. 1833, d. 1926 bjó hér lengi. Hún hlaut skipun í embætti ljósmóður á Akureyri og í sókninni fram að Hrafnagili með amtmannsbréfi dagsettu 26. febrúar 1872. Hún var þá búin að starfa í 12 ár sem ljósmóðir og gegndi því embætti til 1904. Áður hafði mágkona hennar Helga Egilsdóttir verið ljósmóðir á Akureyri frá 1854 og voru þær báðar í ljósmóðurstörfum hér í bæ 1860-1864. Þrátt fyrir að Guðný hafi verið skipuð ljósmóðir árið 1872 er það fyrst árið 1876 sem hún fékk laun fyrir sín störf. Heilar 60 krónur á ári. Til samanburðar hafði læknerinn á Akureyri tæpar 2000 kr. á ári.

#### Aðalstræti 50. Matthíasarhús



Hér bjuggu Matthías Jochumsson og Guðrún Runólfssdóttir (f. 1851, d. 1923) frá 1887 – 1903 ásamt börnum sínum. Matthías segir sjálfur frá því að þegar þau komu þeytt og svöng eftir langt ferðalag til bæjarins hafi beðið þeirra fullt búr matar sem nágrennar höfðu komið þar fyrir.

Guðrún var þekkt fyrir iðjusemi og var hún sísaumandi, þrjónandi, bróðerandi og heklandi og hjálpaði hún mörgum heldri konum við að koma sér upp skautbúningi. Mikið hvíldi á Guðrúnu alla tíð því að í stórrí fjölskyldu gat oft verið erfitt að ná endum saman. Hjónin eignuðust 10 börn en níu þeirra komust á legg. Hér á Akureyri þrúðbjó hún dúkkur í skautbúningum og seldi útlendingum en seldi einnig mikið af þrjónafatnaði í búðir. Guðrún starfaði í mörg ár í Kvenfélaginu Framtíðinni.

Edda Sigurlaug Indriðadóttir fæddist árið 1936 í Aðalstræti 50 en þá var það kallað Sigurpálshúsið. Edda Sigurlaug er þekktust fyrir afrek sín í skautahlaupum. Keppni hennar í skautahlaupum hófst þannig að ákveðið var að halda Íslandsmót á Akureyri þegar hún var 14 ára gömul. Keppendur komu frá Reykjavík og var ein kona í þeim hópi. Fannst nú norðanmönnum slæmt að vera ekki með konu á sínum

vegum þannig að Edda sem var vön skautakona var dubbuð upp eins og hún segir sjálf frá í skautana hans Jóns Dalmahns, settur bómull í tána og reimað fast og hún send í hlaupið. Eddu tókst að ljúka hringnum og var hlaupið fest á mynd. Edda setti mörg met í framhaldinu og er enn í dag Íslandsmeistari í skautahlaupi. Edda ólst upp í nokkrum húsum í Aðalstræti t.d í húsi móðurforeldra sinna Matthildar Grímsdóttur og Hallgríms Helgasonar en Matthildur var ljósmóðir og hann var blindur og smíðaði t.d þvottabala á skúrloftinu í Aðalstræti 44 en þar bjuggu þau. Faðir Eddu keypti síðan Aðalstræti 34, Guðnýjarhús.

#### Aðalstræti 52.

Hér bjó Jón Chr Stephansson og Kristjana Magnúsdóttir. Kristjana sá um umhirðu Minjasafnsgarðsins ásamt manni sínum á fyrstu árum 20. aldar. Svava Jónsdóttir leikkona var dóttir þeirra. Hér bjó líka Vilhelmína Lever um tíma sem og víðar í innbænum.

#### Aðalstræti 54 - Zontahúsið.

Zontaklúbbur Akureyrar á syðri hluta hússins sem byggður var 1896. Hér bjuggu Þórdís Stefánsdóttir kennslukona ásamt Davíð Sigurðssyni líkkistusmið. Hér bjó síðan dóttir þeirra Sigríður Davíðsdóttir, fyrsta talsímakonan á Akureyri en fyrsti síminn sem kom í hús á Akureyri var hjá henni. Eiginmaður hennar var Zophonías Árnason tollvörður. Eftir andlát Sigríðar seldi Zophonías Zontaklúbbnum húsið. Stefanía Ármannsdóttir og maður hennar Baldur Sigurðsson bjuggu lengi í húsinu en hún gegndi starfi safnvarðar í Nonnahúsi og fluttu þau inn í Aðalstræti 62 árið 1985.

#### Aðalstræti 54 - Nonnahús.



Sigríður Jónsdóttir f.1826 d.1910 ólst upp í Vogum við Mývatn en giftist hálfþrítug Sveini Þórarinssyni sem var skrifari hjá Péttri amtmanni Havstein á Möðruvöllum. Sigríður og Sveinn eignuðust saman átta börn en misstu þrjú þeirra ung úr barnaveiki. Þau fluttu inn í Aðalstræti 54 árið 1865 ásamt börnum sínum Björgu, Jóni, Ármanni, Friðriki og vinnufólki. Jón Stephán betur þekktur sem Nonni, var þá 7 ára gamall. Sveinn leigði húsið en honum var um megn að kaupa það þar sem fjölskyldan var mjög fátæk. Sveinn lést aðeins 48 ára gamall þegar Nonni var 11 ára og stóð þá Sigríður ein eftir með fimm börn, hið yngsta aðeins ársgamalt. Hagur ekkjunnar var því ekki beisinn og lítil von til þess að hún kæmi börnunum sínum til þroska og mennta. Tvö yngstu börnin, Friðrik og Sigríður voru tekin í fóstur, Björg (Bogga), var send í vist til Kaupmannahafnar og bræðrunum Nonna og Manna bauðst að halda til Frakklands til náms við kaþólskan menntaskóla. Sigríður flutti héðan fimmtug að aldri upp úr 1870 og náði 84 ára aldri. Síðustu 25 árin var hún gift kanadískum manni en tvö yngstu börnin hennar fluttu einnig til Vesturheims.

Finna má heimildir um dramatískt líf Sigríðar í dagbókum eiginmanns hennar og bréfum frá henni eftir að hún flutti til Kanada.

Davíð Sigurðsson snikkari átti húsið frá 1886 til 1948. Hann hafði líkkistuverkstæði í suðurenda þess. Síðast var búið í húsinu 1947. Árið 1948 eignaðist Sigríður dóttir hans húsið en gaf það Zontaklúbbi Akureyrar árið 1954 og hér var opnað safn árið 1957 á 100 ára afmæli Nonna.

Aðalstræti 58 Kirkjuhvoll - Minjasafnið.

Gunnhildur Andersdóttir Olsen Ryel húsfreyja, f.1894, d.1987. Gunnhildur var dóttir Jakóbínu Jakobsdóttur og Anders Olsen. Þegar Gunnhildur var á þriðja ári fórst faðir hennar með skipi sínu í Eyjafirði og var hún þá tekin í föstur af Christensen-hjónunum á Akureyri. Gunnhildur giftist Baldvin Ryel dönskum kaupmanni og reistu þau Kirkjuhvoll 1934. Þau eignuðust 6 börn. Árið 1947 gaf Gunnhildur Kvenfélaginu Hlíf 4 dagsláttur lands til að byggja þar barnaheimili. Eina kvöðin var að heimilið fengi nafnið Pálmholt eftir bernskuheimili Gunnhildar. Þau hjónin gáfu Akureyrarkirkju skírnarfontinn sem þar er en hann var gerður á Ítalíu og er eftirmynd skírnarfontans í Frúarkirkjunni í Kaupmannahöfn. Gunnhildur fór jafnan í fararbroddi í hverskonar framfarastarfi sem laut að menningar- og líknarmálum. Sem dæmi má nefna byggingu sjúkrahúss og elliheimilis, Kristneshælis og endurreisn Nonnahúss á vegum Zontaklúbbs Akureyrar. Hún var formaður Kvenfélagsins Framtíðarinnar og hafði ríkan metnað fyrir hönd kvenna og hvatti þær til dáða.



Aðalstræti 64 .

Árið 1861 fékk Vilhelmína Lever leyfi til hótels- og veitingareksturs á oddeyrinni en flutti sig síðan hingað yfir í fjöruna og var hún þá kölluð Vertshús-Mína og hús hennar hér Mínubærinn. Hér var Vilhelmína einnig með stórt bú 2 kýr, 35 kindur, 3 hross og stóran sáðgarð

Aðalstræti 70. Elísabetarhús.



Hér bjó Elísabet Geirmundsdóttir listakona en hún fæddist árið 1915 í Geirshúsi, Aðalstræti 36 þar sem foreldrar hennar Geirmundur Kristjánsson og Albína Helgadóttir bjuggu. Fjölskylda hennar var mjög listhneigð og var hún því hvött til að rækta sína heyfileika á listasviðinu. Elísabet giftist nítján ára gömul æskuvini sínum og leikfélaga Ágústi Ásgrímssyni og eignuðust þau þrjú börn. Elísabet teiknaði húsið þeirra sem hér stendur. Elísabet var að mestu sjálfmenntuð í listsköpun sinni. Hún gekk í Félag frísundamála á Akureyri og var þar á námskeiði hjá Jónasi Jakobssyni myndhöggvara en höggmyndagerðin varð henni mjög hugleikin þegar leið á hennar stutta æviferil. Elísabet notaði íslenska birkið og það var henni uppspretta verkefna. Henni var ýmsilegt til lista lagt en hún bjó til dæmis til litlar gifsstyttur sem hún seldi í nokkur ár, teiknaði fermingarskeyti og



jóla kort til ágóða fyrir I.O.G.T. Hún skrifaði þætti um fólkið í fjörunni í innbænum í tímaritið Súgur og myndskreytti bækur. Einnig samdi hún mörg lög við ljóð íslenskra höfundar sem var mjög sérstakt þar sem hún þekkti ekki nótur og ekkert hljóðfæri til á heimilinu annað en músiksög. Börn Elísabetar gerðu skrá yfir þessi lög og munu þau vera 35 en aðeins eitt þeirra var skrifað á nótur og var útsett þegar hún lést en það var Ave Maria sem Áskell Snorrason útsetti og Kirkjukór Akureyrar flutti. Perlan er stærsta stytta í garðinum en þar er einnig að finna styttuna Úr fjötrum eða Útþrá sem hún gerði árið 1951 og finnst börnum hennar líklegt að við gerð hennar hafi hún verið upptekin af vorinu sem var hennar uppáhalds árstíð. Elísabet lést 9. apríl 1959.

Aðalstræti 82, Syðsti bær, Syðstahús, Sibbukofi.

Sigurbjörg Jónsdóttir f. 14.5.1862, d. 30.6.1944 bjó hér í syðsta húsi bæjarins. Sigurbjörg þótti merkiskona. Algengt var að ferðafólk sem kom sunnan að í bæinn kæmi við í Syðstahúsi og hefði þar fataskipti. Sigurbjörg stóð oft fyrir framan hús sitt og talaði við þá sem leið áttu um. Árið 1908 byggði Sigurbjörg steinsteyptan skúr á bak við Syðstahús sem var torfbær með risi. Hún var með stórt eldhús og reykti gjarnan kjöt en þeir sem minnst Sibbu tala um að strompurinn hennar hafi reykt alla daga og að hún hafi verið dugleg að veita fullorðnum kjöt og börnunum kandísmola. Hún ræktaði rófur og keypti jörðina í kringum Syðstahús. Sambýlismaður Sigurbjargar var Sigurður Jónsson blikksmiður en þau eignuðust einn son Jón Júlíus fiskkaupmann og málara í Winnipeg. Kotið hennar Sibbu og blettinn keypti síðan Jón bærarstjóri. Sibbukofi stóð fram til ársins 1949 og var síðasti torfbærinn í innbænum.

## Heimildir.

Finnur Sigmundsson. Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797-1907. Bókfellsútgáfan. Reykjavík 1961.

Haraldur Sigurðsson. Saga leiklistar á Akureyri. 1860-1992. Leikfélag Akureyrar. Akureyri 1992.

Jón Hjaltason. Saga Akureyrar 1863-1905. 2. bindi. Akureyrarbær 1994.

Jón Hjaltason. Saga Akureyrar 1906-1918. 3. bindi. Akureyrarbær 2000.

Magnús Stefánsson. Stiklað á stóru í sögu sjúkrahúsa á Akureyri. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 2004.

Sigríður Thorlacius. Margar hlýjar hendur. Kvenfélagsamband Íslands. Reykjavík 1981.

Steindór Steindórsson og Sverrir Pálsson. Kvenfélagið Framtíðin. Saga félagsins 1894-1994. Kvenfélagið Framtíðin. Akureyri 1994.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. Halldóra Bjarnadóttir. Ævisaga. Setberg Sf. Reykjavík 1960.

Þórunn Erla Valdimarsdóttir. Upp á Sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar. JPV útgáfa. Reykjavík 2006.

40 ára afmælisrit FSA 1953-1993 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. 1993.

Stoðvinir Minjasafnsins á Akureyri. Ýmsar heimildir. 2008.

Samhliða vinnu með ritaðar heimildir voru tekin viðtöl við eftirtalda einstaklinga:

Eddu Sigurlaugu Indriðadóttur  
Jenný Karlsdóttur og  
Stefaníu Ármannsdóttur

## Myndaskrá

Mynd bls.1	Halldóra Bjarnadóttir
Mynd bls.2	Margrethe Schiöth
Mynd bls.3	Ragnheiður O. Björnsson
Mynd bls.4	Anna Margrét Magnúsdóttir
Mynd bls.6	Guðrún Runólfsdóttir
Mynd bls.7	Sigríður Jónsdóttir
Mynd bls.8	Gunnhildur Andersdóttir Olsen Ryel
Mynd bls.8	Elísabet Geirmundsdóttir